

98 hrepps. Þessari beiðni hafid þjer samkvæmt ályktun amtsráðsins beint til mín 9. ágúst. með meðmælum.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að með því að styrkurinn hefir ekki verið notaður á þeim tíma, er hann var veittur fyrir, þá á hann samkvæmt fyrir-mælum reglugjörðar sjóðsins, dags. 27. desember 1888 (Stj.tíð. 1889 B. bls. 61), að renna í höfuðstól sjóðsins aptur, og er ekki heimild til að veita framlengdan frest til framkvæmdar öðru verki en því, sem áskilið var við veiting styrksins.

99 Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um 15. ág. bústað hjeraðslæknisins í 5. læknishjeraði (Ágrip). — Með brjefi þessu fyrirskipaði landshöfðingi, að bústaður hjeraðslæknisins í 5. læknishjeraði skuli eptirleiðis vera við Patreksfjörð norðanverðan.

100 Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um 20. ág. sveitfesti þurfalings. — Eptir að jeg með þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, dags. 8. maí þ. á. hefi meðtekið próf þau, er haldin hafa verið samkvæmt brjefi mínu, dags. 11. apríl f. á., útaf sveitfestismáli Einars Sigurðssonar frá Lambleiksstöðum, umsagnir hreppsnefndanna í Mýrahreppi og Borgarhafnarhreppi um málið, dags. 28. jan. og 28. marz þ. á., svo og önnur skjöl og skilríki, máli þessu viðkomandi, skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð það, sem nú skal greina:

Með landshöfðingjabrjefi 19. okt. 1887 (Stj.tíð. 1887, B. bls. 135) var skorid úr ágreiningi milli hreppsnefndarinnar í Mýrahreppi, þar er hinn umræddi Einar Sigurðsson hafði dvalið frá unga aldri að undanteknum kafla af vistarárinu 1875—1876, er hann veik vistferlum að bænum Sljettaleyti, og hreppsnefndarinnar í Borgarhafnarhreppi, þar sem Einar var fæddur 27. júlí 1858, um það, hvort sveitfestisdvöl hans í Mýrahreppi hefði rofnað við ofannefnda dvöl hans á Sljettaleyti árið 1875—1876, og var eptir þeim skilríkjum, sem þá lágu fyrir, álitid, að dvöl hans á tjeðum bæ hefði verið löglegt heimilisfang, og því úrskurdað, að Einar hefði ekki verið búinn að ávinna sjer framfærzlurjett í Mýrahreppi árið 1885; en þá var samkvæmt skýrslum þeim, er fram voru komnar, talið, að hann hefði orðið aðnjótandi sveitarstyrks í Mýrahreppi.

Þegar Mýrahreppur samkvæmt þessum málalokum tók að krefja fæðing-arhreppinn, Borgarhafnarhrepp, um styrk þann, er veittur hafði verið 1885 og þar á eptir 1886—87, neitadi hreppsnefndin í Borgarhafnarhreppi að borga reikning Mýrahrepps, og fann þær ástæður til, að sveitarstyrkur sá, sem talinn var veittur 1885, hafi verið ólöglega veittur og hrekkjabragð eitt af hálfu hreppsnefndarinnar í Mýrahreppi, og sömuleiðis vefengdi hún fleiri eptirfarandi styrkveitingar. Fór þessu þannig fram, þar til er hingað bárust kærur þær frá hreppsnefndinni í Borgarhafnarhreppi, er tilefni gáfu til raunsóknar þeirrar, er að